



## **Fundargerð**

Fundur umdæmisstjórnar haldinn 3.okt. kl.17:00 á heimili umdæmisstjóra á Selfossi. Mættar voru: Sigríður umdæmisstjóri, Ragnhildur gjaldkeri, Jóhanna ritari og María viðtakandi umdæmisstjóri. Ekki náðist í Ágústu fyrrverandi umdæmisstjóra.

- Rætt um heimasíðu IW, en umdæmisstjóri hefur unnið með vefstjóra við uppfærslu síðunnar. Félagskonur hvattar til að kynna sér heimasíðuna [innerwheel.is](http://innerwheel.is)
- Rætt um dagskrá haustfundar IW, sem haldinn verður í Skíðaskálanum í Hveradölum 28.okt. og hefst kl.14:00. Mynd er að komast á dagskrána og verður hún send forsetum klúbbanna. Dagskrá fundarins verður einnig sett inn á heimasíðu IW.
- Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um fjölda sem mæta munu á haustfundinn frá hverjum klúbbi. Haft verður samband við klúbba fljótlega til að fá þessar upplýsingar.
- Rætt um hlutverk IW og starfið í klúbbunum. Áhyggjur eru af því hve erfitt er víða við að fjölga félögum í klúbbum og einnig að fá konur til að taka að sér stjórnarstörf.
- Stjórn samþykkti að vera ekki með sameiginlegan hitting klúbbanna 10.jan eins og verið hefur undanfarin ár, en þess í stað er stefnt að því að umdæmisstjóri IW og viðtakandi umdæmisstjóri IW hitti forseta klúbbanna á fundi til skafs og ráðagerða um starfið í klúbbum í dag og til framtíðar.
- Umræður voru um IW bréfitara/tengilið við Alþjóða IW. Stjórn telur ekki ástæðu til að hafa slíkan embættismann að svo söddu og samþykkti stjórn að sjá sjálf um þessi málefni IW umdæmisins á starfsárinu.
- Umdæmisstjóri er búin að kaupa nýjan fót undir fána félagsins.
- Stjórn skoðaði embættiskeðju umdæmisstjóra og vantar spjöld með nöfnum tveggja fyrrverandi umdæmisstjóra. Ákveðið að bæta úr þessu og mun umdæmisstjóri láta útbúa nafnspjöld fyrir þessa tvo fyrrverandi umdæmisstjóra auk þess að láta útbúa nafnspjöld á keðjuna fyrir núverandi og viðtakandi umdæmisstjóra.
- Umdæmisstjóri sagði frá heimsókn sinni á fund hjá IW Görðum nú í lok september.

Fleira ekki rætt og fundi lauk um kl.19:15

Jóhanna Róbertsdóttir